

Fjármála- og efnahagsráðuneyti



Málefnasvið 5: Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Frumvarp til fjárlaga 2025

September 2024



Málefnasvið og málaflokkar

Eftirfarandi málefnasvið/málaflokkar falla undir fjármála- og efnahagsráðuneyti í frumvarpi til fjárlaga 2025:



- **Málefnasvið 5: Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla**
- **Málefnasvið 33: Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar**
- **Málefnasvið 34: Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir**

- **Málaflokkur 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál (hluti)**
- **Málaflokkur 16.1 Markaðseftirlit og neytendamál (hluti)**
Eftirlit með fjármálastarfsemi og fjármálamörkuðum.
- **Málaflokkur 27.5: Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**
- **Málaflokkur 29.1: Barnabætur**
- **Málaflokkur 31: Húsnæðisstuðningur (hluti)**



Málefnasvið 05

Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla



Málaflokkar og verkefni

Eftirfarandi stofnanir falla undir fjármála- og efnahagsráðuneyti í frumvarpi til fjárlaga 2025
Málefnasvið 5: Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla



5.1. Skattar og innheimta

Skattframkvæmd er á hendi stofnana. FJR með stefnumótun, almenn samskipti og eftirlit með stofnunum sem sinna skattframkvæmd.



YFIRSKATTANEFND

5.3 Fjármálaumsýsla ríkisins

Fjármálalegir og rekstrarlegir innviðir ríkisins og margvísleg grunnþjónusta til stofnana og ráðuneyta, þ.m.t. reikningsskil ríkisaðila, miðlun upplýsinga um fjármál ríkisins og skilvirk greiðslumiðlun, opinber innkaup og kjara- og mannauðsmál ríkisins.



Fjársýsla ríkisins



Stjórnarráð Íslands
Umbra - þjónustumiðstöð
Stjórnarráðsins



5.2 Eignaumsýsla ríkisins

Eignir ríkisins þar sem FJR fer með eigendahlutverk gagnvart félögum, eignarhald og umsýslu fasteigna, jarðeigna og auðlinda þar sem yfirumsjón er í höndum FJR, og opinberar framkvæmdir.

5.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa FJR, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið eða málaflokka



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið



Í fjármálaáætlun 2025-2029 voru forgangsmál ríkisstjórnarinnar á málefnasviðinu:



Framtíðarsýn:


Samfélag verðmætasköpunar og velsældar

Meginmarkmið:

Að ríkisfjármál, rekstur og þjónusta ríkisins styðji við samfélagslegar framfarir og sé samræmd, gagnsæ, skilvirk og hagkvæm



Breytingar á ramma milli ára 2024 og 2025





5.1 Skattar og innheimta

Helstu breytingar á fjárheimildum


Bundin útgjöld

- Framlög aukin um 55 m.kr. vegna aukins kostnaðar Skattsins í tengslum við upptöku nýs kílómetragjalds og 7 m.kr. upptöku gistinguáttagjalds.
- Lækkun á sértekjum um 107 m.kr. í samræmi við áætlun.
- 70 m.kr. til að styrkja framkvæmd og eftirlit með þeim verkefnum sem hljóta frádrátt frá álögðum tekjuskatti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.

Aðhald

- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu nemur 161,4 m.kr. og fellur á Skattinn annars vegar og varasjóð málaflokks hins vegar

Útgjaldabré 2024-2025





5.1 Skattar og innheimta

Markmið

1. Bæta skattskil með skilvirkara og einfaldara skattkerfi
2. Efla þjónustu og upplýsingagjöf við einstaklinga og fyrirtæki.
3. Skattkerfið styðji við stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum og nýsköpun.

Aðgerðir

- 1.1. Þróun áhættumiðaðs eftirlits samhliða eflingu stafræns umhverfis.
 - 1.2 Breytingar á ákvæðum laga um virðisaukaskatt um uppgjörstímabil og ákvæðum tollalaga um uppgjör virðisaukaskatts í tolli.
 - 1.3 Breytingar á ákvæðum virðisaukaskattslaga um gjalddaga virðisaukaskatts og ákvæðum tollalaga um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.
-
- 2.1 Áframhaldandi þróun stafrænna þjónustulausna. Lögð áhersla á sjálfsafgreiðslu fyrir flóknari skattskuldamál auk innleiðingar umboðskerfis á Ísland.is.
 - 2.2 Efla og staðla rafrænt viðskiptaumhverfi til þess að fækka viðskiptahindrunum og einfalda fyrirtækjum að miðla upplýsingum milli Norðurlanda.
-
- 3.1 Áframhaldandi vinna við innleiðingu á nýju tekjuöflunarkerfi vegna umferðar og orkuskipta í formi kílómetragjalds vegna notkunar ökutækja.
 - 3.2 Tekið verði til skoðunar hvernig framkvæmd og nýting ívilnana vegna grænna fjárfestinga hefur gengið fyrir sig og metið hvort gera eigi úrræðið varanlegt.
 - 3.3. Verkefnisstjórn komið á fót sem gerir tillögur að umbótum á regluverki, stjórnsýslu og fjárhagslegri umgjörð um stuðningskerfi við rannsóknir og þróun.



5.2 Eignaumsýsla ríkisins

Helstu breytingar á fjárheimilum

Bundin útgjöld

Felld er niður 64,6 m.kr. fjárheimild Bankasýslunnar þar sem gert er ráð fyrir að starfsemi hennar verði lögð niður. Gert er ráð fyrir að verkefnum stofnunarinnar verði áfram sinnt innan málaflokksins og því er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til þeirra verkefna.


Niðurfelld útgjöld

Í fjárlögum ársins 2024 var samþykkt að fresta 200 m.kr. útgjöldum vegna framkvæmda á vegum Stjórnarráðsins. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun sem fellur úr gildi árið 2025 og hækkar því fjárheimild málaflokksins um 200 m.kr.

Aðhald

Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 5,8 m.kr.

Útgjaldabré 2024-2025





5.2 Eignaumsýsla ríkisins

Markmið

1. Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær og ábyrgur rekstur eigna í eigu ríkisins.
2. Markvissari stýring á fjárfestingum ríkisins
3. Aukin sjálfbærni og hagkvæm nýting lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

Aðgerðir

- 1.1. Yfirfærsla á verkefnum Bankasýslunnar til ráðuneytisins og innleiðing á nýju fyrirkomulagi varðandi umsýslu og stýringu eignarhalds ríkisins í félögum.
- 1.2. Endurskoðun og mat á félagasafni ríkisins þar sem horft er sérstaklega til tilgangs, sjálfbærni og ábata eignarhalds.
- 1.3. Reglur um val og hæfniskröfur stjórna verði gefnar út og innleiddar.
- 2.1. Leggja fram frumvarp um fjárfestingar ríkisins sem felur í sér heildarendurskoðun á skipan opinberra framkvæmda.
- 2.2. Greina hvaða eignir í eignasafni ríkisins væri æskilegt að selja m.t.t. nýtingar og viðhaldsþarfar, m.a. til að ná fram hagkvæmari stýringu á eignasafni ríkisins.
- 2.3. Hefja innleiðingu á nýju fasteignafyrirkomulagi Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri.
- 3.1. Vinna að heildstæðu yfirliti yfir auðlindatekjur ríkisins af ríkisjörðum og þjóðlendum.
- 3.2. Stuðla að aukinni nýtingu og eflingu byggðar á ábúðarjörðum í eigu ríkisins.



5.3 Fjármálaumsýsla ríkisins

Helstu breytingar á fjárheimilum

Útgjaldasvigrúm

15 m.kr. af til að koma til móts við aukinn miðlægan kostnað við rekstur fjárhagskerfis ríkisins.


Bundin útgjöld

- 70 m.kr. til að styðja við aukinn samrekstur í ríkisrekstri sem og á vettvangi Stjórnarráðsins.
- Hækkun um 143 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð.
- 39 m.kr. aukið rekstrarframlag vegna lengri afskriftatíma fjárfestinga. Breytingin felur ekki í sér hærri greiðslur úr ríkissjóði á afskriftatímabilinu heldur dreifast greiðslurnar á lengra tímabil.

Aðhald

Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 60,3 m.kr. og dreifist hlutfallslega niður á stofnanir/verkefni.

Útgjaldabru 2024-2025





5.3 Fjármálaumsýsla ríkisins

Markmið

1. Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana

2. Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu

3. Öflugri og vistvænni rekstur ríkisstofnana

Aðgerðir

1.1. Innleiðing samræmds þjónustukerfis hjá ríkisstofnunum

1.2. Innleiðing stafrænnar kjarnaþjónustu hjá opinberum aðilum

1.3. Áhersla á stuðning við stafræna þróun lífsviðburða með áherslu á heilsu, atvinnu og félagsþjónustu

1.4. Koma á fót miðlægum kjarna (CoE) um gögn í ríkisrekstrinum undir stjórn gagnahirðis ríkisins.

2.1. Innleiðing stefnu ríkisins í mannauðsmálum

2.2. Útgáfa mælaborðs mannauðsmála

2.3. Formgerð aðild fjármála- og efnahagsráðuneytis að verkefni um virðismatskerfi starfa

2.4. Útgáfa viðmiða um launaumhverfi ríkisins m.t.t. þjóðréttarlegra skuldbindinga

3.1. Innleiðing samningakerfis hjá stofnunum ríkisins

3.2. Mælaborð innkaupa og viðeigandi aðgerðastuðningur innleiddur til allra ráðuneyta


3.3. Útgáfa sameiginlegra tæknilegra lágmarksviðmiða fyrir stofnanir





I rammásamningi



Topp 15: Heildarvelta eftir bókhaldstegundum



Topp 15: Heildarvelta eftir stofnunum




DRÖG - ekki til dreifingar



Hvað er keypt inn?


Heildarvelta tímabils eftir bókhaldstegund



[Sjá meira um bókhaldstegundir](#)


Af hverjum er keypt inn?

Heildarvelta tímabils eftir birgi



[Sjá meira um birgja](#)


Hversu vel eru rammasamningar nýttir?



Hlutfall veltu innan rammasamnings



Eru inkaup innan áætlunar?



DRÖG - ekki til dreifingar



5.4 Stjórnarsýsla ríkisfjármála

Helstu breytingar á fjárheimilum


Útgjaldasvigrúm

30 m.kr. til að styðja við uppbyggingu gagnainnviða.

Bundin útgjöld

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 120 m.kr. í tengslum við innleiðingu virðismats starfa í samræmi við yfirlýsingu vegna kjarasamninga. Innleitt verður í áföngum virðismatskerfi sem byggir á tillögum um launajafnrétti. Gert er ráð fyrir sex stöðugildum í verkefnið til ársloka 2026.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 318,6 m.kr. vegna leiðréttingar í samræmi við raunrekstrartekjur málaflokksins. Breytingin er gerð í samræmi við áætlanir í tengslum við miðlæg innkaup á hugbúnaðarleyfum. Breyting hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem hún hefur samsvarandi áhrif á tekjuhlið.

Útgjaldabré 2024-2025



Aðhald

Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 176,7 m.kr.



5.4 Stjórnarsýsla ríkisfjármála

Markmið

1. Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs.

Aðgerðir

- 1.1. Bætt upplýsingagjöf á vef um þróun mælikvarða m.t.t. markmiða sem sett hafa verið fram í fjármálaáætlun.
- 1.2. Aukin eftirfylgni með upplýsingagjöf ráðuneyta um stöðu aðgerða innan ársins m.t.t. markmiða sem sett hafa verið fram í fjármálaáætlun.
- 1.3. Þróun aðferða og leiðbeininga sem miða að því að jafnréttismat fjárlagatillagna taki í auknum mæli til fleiri breyta en kyns.

2. Bætt upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins

- 2.1. Ársfjórðungsuppgjör birt á vef.
- 2.2. Vefurinn rikisreikningur.is bættur og tíðari uppfærsla á gögnum innan ársins.
- 2.3. Fjárlagafrumvarp og fjármálaáætlun birt á gagnvirku svæði með notendavænum hætti.

3. Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins

- 3.1. Verklagsreglur um framkvæmd fjárlaga og áhættumat endurskoðaðar.
- 3.2. Áætlanagerð ríkisaðila til þriggja ára unnin í miðlægu áætlanakerfi.
- 3.3. Innleiðing reglugerðar um innra eftirlit.



3ja ára áætlanir ríkisaðila

Breytt og bætt verklag

Bætt yfirsýn yfir árangur fjárveitinga

Aukið gagnsæi um verkefni stofnana


Aukið aðhald með stofnunum



Viðhorf til stjórnsýslunnar



Traust til opinberra stofnana



63% bera traust til notkunar **gagna**



29% telja líklegt að brugðist sé við **kvörtunum** með bættri þjónustu



31% telja að **nýsköpun** sé nýtt til að bæta opinbera þjónustu



45% telja líklegt að opinbert **starfsfólk** komi jafnt fram við alla



64% telja líklegt að umsókn um bætur fái **sanngjarna** afgreiðslu



76% eiga auðvelt með að nálgast **upplýsingar** um opinbera þjónustu



51% eru ánægð með **heilbrigðiskerfið**



66% eru ánægð með **menntakerfið**

Tölur úr könnun OECD á trausti til opinberra aðila 2023.



Aðrir málaflokkar á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra



29.10 Barnabætur

Markmið

1. Auka stuðning við tekjulága foreldra

Aðgerðir

1.1 Áfram verði unnið að greiningum og vöktun á greiddum barnabótum með það fyrir augum að markmið kerfisins viðhaldist

1.2 Fjárhæðir barnabóta og skerðingarmörk verða hækkuð.

2. Gagnsætt og fyrirsjáanlegt barnabótakerfi

2.1 Unnið verði að breytingum á fyrirframgreiðslu barnabóta á fæðingarári barns þannig að biðtími barnabóta verði aldrei lengri en fjórir mánuðir.

Fjárheimild málaflokksins hækkar um 5 ma.kr. vegna hækkunar barnabóta. Breytingin er gerð í tengslum við stuðning stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í mars 2024 þar sem ákveðið var að hækka útgjöld til barnabóta um samtals 5 ma.kr. í tveimur skrefum. Gert er ráð fyrir að útgjöld til barnabóta hækki um 3 ma.kr. árið 2024 og aftur um 2 ma.kr. árið 2025. Markmið aðgerðanna er að verja kaupmátt og lífskjör launafólks með áherslu á barnafjölskyldur og skapa forsendur fyrir stöðugleika í efnahagsmálum.



Aðrir málaflokkar

06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Markmið

2. Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku

Aðgerðir

- 2.1 Mótun gagnastefnu Íslands og aðgerðaáætlun sem tekur m.a. á endurnotum opinberra gagna
- 2.2 Högun gagnafyrirkomulags innan ríkiskerfisins.
- 2.3 Koma á fót verkefnastofu um gögn og stjórnskipulag gagna.

16.10 Markaðseftirlit og neytendamál

Markmið

2. Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku

Aðgerðir

- 2.1 Ný heimasíða sett upp með markvissari upplýsingagjöf og bættu aðgengi að upplýsingum um það regluverk sem gildir um einstakar tegundir eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði.
- 2.3 Vinna úr og framkvæma ábendingar í FSAP-skýrslu AGS á sviði fjármálaeftirlits og fjármálastöðugleika.

Fjarheimild málaflokksins hækkar um 189,8 m.kr. í samræmi við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins. Fjárveiting úr ríkissjóði er jafnhá áætluðum tekjum af eftirlitsgjaldi til að standa undir rekstri Fjármálaeftirlits. Sjá nánari umfjöllun í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2025.



Takk fyrir